

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum  
(endurbygging og viðhald kirkna).

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Kristján L. Möller, Ögmundur Jónasson.

### 1. gr.

Við lögín bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. janúar 2014 til 1. janúar 2015 skal endurgreiða þjóðkirkjusöfnuðum og skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið af vinnu manna við endurbyggingu og viðhald kirkna eða samkomuhúsa þar sem formlegar athafnir á vegum safnaðanna eða félaganna fara fram. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Jafnframt skal endurgreiða 100% þess virðisaukaskatts sem þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög hafa greitt fyrir þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með endurbyggingu eða viðhaldi kirkna eða samkomuhúsa. Sú endurgreiðsla skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga eins fljótt og auðið er, þó aldrei síðar en 30 dögum eftir að ríkisskattstjóra berst erindið.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Hér er lagt til að við lög um virðisaukaskatt bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við endurbyggingu og viðhald kirkna og húsakynna þar sem formlegar athafnir fara fram á vegum þjóðkirkjusafnaða og annarra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. Ákvæðið er hliðstætt ákvæði til bráðabirgða XV sem fyrir er í lögnum og kveður á um endurgreiðslu vegna vinnu við viðhald og endurbyggingu íbúðarhúsnæðis og sumarbústaða.

Í því augnamiði að ýta undir aukna starfsemi á byggingarmarkaði og sporna við svartri atvinnustarfsemi í kjölfar bankahrunsins samþykkti Alþingi á 136. löggjafarþingi lög nr. 10/2009, um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, sem mæltu fyrir um fyrrgreinda endurgreiðslu vegna íbúðarhúsnæðis og sumarbústaða. Í kjölfar samþykktar frumvarpsins var áttakinn „Allir vinna“ hleypt af stokkunum í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Markmið ákvæðisins var að hvetja landsmenn „til þátttöku í stórum sem smáum verkum og til að beina viðskiptum sínum að innlendri vöru og þjónustu, fjárfesta í viðhaldi íbúðarhúsnæðis/sumarbústaða og leggja þar með sitt af mörkum til atvinnusköpunar á Íslandi“. Átakið þótti heppnast vel, full endurgreiðsla virðisaukaskattsins leiddi til þess að landsmenn réðust í umfangsmiklar framkvæmdir sem skapaði mikilvæg störf, ekki síst fyrir iðnaðarmenn. Í ljósi árangurs af bráðabirgðaákvæðinu hefur gildistími þess því verið framlengdur ítrekað. Endurgreiðsluheimildin hefur nú verið í gildi um hartnær fimm ára skeið.

Sársaukafullur niðurskurður í kjölfar bankahrunsins kom óhjákvæmilega niður á öllu þjóðfélaginu og íslenska þjóðkirkjan og söfnuðir fóru ekki varhluta af honum. Á síðasta kjörtímabili setti innanríkisráðherra á laggir nefnd til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess að haldið yrði áfram á sömu braut. Í skýrslu nefndarinnar, sem kom út árið 2012, kemur glögg fram að niðurskurður hefur leitt til þess að endurbygging og viðhald kirkna hefur setið á hakanum. Leiða má að því líkur að sú staða sé alvarleg, enda skapast undir slíkum kringumstæðum veruleg hættu á eyðileggingu verðmæta. Tilgangur þessa frumvarps er ekki síst að koma í veg fyrir það með því að ýta undir að ráðist verði í viðhald slíkra bygginga og nauðsynlega endurgerð þeirra.